

OFFITA Á MEÐGÖNGU

ICD greining: E66.9 Offita.

Mælt er með því að skrá BMI barnshafandi kvenna í upphafi meðgöngu.

ALMENN FLOKKUN EFTIR BMI:

- Of létt BMI < 18,5
- Eðlileg þyngd BMI 18,5 – 24,9
- Ofþyngd BMI 25 – 29,9
- Offita flokkur 1 BMI 30 – 34,9
- Offita flokkur 2 BMI 35 – 39,9
- Offita flokkur 3 BMI ≥ 40

Rannsóknir benda til þess að um fjórða hver kona á barneignaraldri á Íslandi er með BMI >30. (26,8% árið 2017). Þessi hópur er líklegur til þess að kljást við t.d. minnkaða frjósemi, PCOS, stoðkerfiseinkenni, háþrýsting, truflaðan vítamínþúska, hyperinsulinemiu og afleiðingar megrunaraðgerða.

Meðganga og fæðing er að öllu jöfnu áhættusamari fyrir þennan hóp.

Konur sem eru með BMI >30 er ráðlagt að þyngjast allt að 5-9 kg á meðgöngu. Ef mikil þyngdaraukning verður á meðgöngu getur kona færst í annan BMI flokk.

VANDAMÁL Á MEÐGÖNGU OG Í FÆÐINGU GETA VERIÐ:

Aukin hætta er á snemmkomnu fósturláti, fósturgöllum (miðtaugakerfisgöllum), meðgönguháþrýstingi, meðgöngueitrun, meðgöngusykursýki, blóðsega, vaxtarskerðingu, þungbura, gangsetningu, langdreginni fæðingu, axlarklemmu, bráðakeisara, blæðingu eftir fæðingu, sýkingu eftir fæðingu, innlögn á vökudeild, fósturdauða, nýburadauða.

Minni líkur eru á fæðingu um leggöng eftir fyrri keisaraskurð en hjá konum í eðlilegri þyngd (55% á móti 71%).

EFTIRLIT Á MEÐGÖNGU:

Kona í flokki 1 (BMI 30-34,9):

- Mæðravernd í heilsugæslu
- Skima fyrir meðgöngusykursýki, meta þörf á segavörn.

Kona í flokki 2 (BMI 35-39,9):

- Mæðravernd í heilsugæslu
- Skima fyrir meðgöngusykursýki, meta þörf á ASA og segavörn.

Viðtal við lækni/fæðingarlækni á fyrri hluta meðgöngu og aftur við 32-34 vikur meðgöngu.

Skima fyrir meðgöngueitrun (BP mæling og þvagstix) á 3ja vikna fresti frá 24-32 vikna meðgöngu en á 2 vikna fresti eftir það.

Meta hvort þörf er á a vaxtarmati með ómun við 32v og 36 vikna meðgöngu

Meta hvort þörf er á ráðgjöf svæfingalæknis.

Þjóða framköllun fæðingar við 40-41 viku meðgöngunnar.

Kona í flokki 3, A:(BMI \geq 40):

Mæðravernd í heilsugæslu

Skima fyrir meðgöngusykursýki, meta þörf á ASA og segavörn, en BMI >40 telst til tveggja áhættuþátta í mati fyrir segavörn.

Viðtal við lækni/fæðingarlækni á fyrri hluta meðgöngu og við 28 v og 36 vikur.

Mæla TSH

Meta mataræði og bætiefnaþörf. Meta þörf fyrir næringarráðgjöf.

Skimun fyrir meðgöngueitrun (BP mæling og þvagstix) á 3ja vikna fresti frá 24-32 vikna meðgöngu en á 2 vikna fresti eftir það.

Vaxtarmat með ómun við 32v og 36 vikna meðgöngu.

Ráðgjöf svæfingalæknis.

Þjóða framköllun fæðingar við 40-41 viku meðgöngunnar.

Kona í flokki 3,B: (BMI \geq 50):

Mæðravernd í heilsugæslu ef heilsufar er a.ö.l. gott, en eftirlit í samvinnu við kvennadeild.

Eftirlit a.ö.l. eins og hjá konum í flokki 3.

Viðtal/ráðgjöf við fæðingalækni á kvennadeild við 36v. Þar sem tekin er ákvörðun um fæðingamáta, gangsetningu eða keisara og blóðþynningu.

MÆÐRAVERND ÞÍH, APRÍL 2021